

## einhver / enginn

1 Kemur \_\_\_\_\_ (einhver) til þín í kvöld?

Nei, \_\_\_\_\_ (enginn).

2 Ég heyri \_\_\_\_\_ (einhver).

3 Kennslan var til \_\_\_\_\_ (enginn).

4 Hún heimsækir \_\_\_\_\_ (enginn).

5 Hann er að tala við \_\_\_\_\_ (einhver) konu í síma.

6 Það er bréf til þín frá \_\_\_\_\_ (einhver) manni.

7 Er \_\_\_\_\_ (einhver) glas í skápnunum?

Nei, það eru \_\_\_\_\_ (enginn) glös hér.

8 Ég hef \_\_\_\_\_ (enginn) tíma til að fara út.

## einhver / enginn

Mætir þú einhverjum manni?

- Nei, ég mæti engum manni.

Sérðu eitthvað nýtt?

Hittið þið einhverja stelpu?

Keypir hann eitthvað sérstakt?

Saknarðu einhverrar vinkonu þinnar?

Hjálpar þú einhverri konu?

Saknar hann einhvers vinar?

Gætir þú einhverra barna?

Farið þið í einhver boð?

# Přítomný čas sloves

	I (kalla)	II (heyra)	III (telja / fara / kjósa / fá)
ég	kalla	heyri	tel / fer / kýs / fæ
þú	kallar	heyrir	telur / ferð / kýst / færð
hann / það	kallar	heyrir	telur / fer / kýs / fær
við	köllum	heyrum	teljum / förum / kjósum / fáum
þið	kallið	heyrið	teljið / farið / kjósið / fáíð
þeir / þau	kalla	heyra	telja / fara / kjósa / fá

# Djúpavík 1934

Nú **er** líf og fjör í Djúpavík. Síldin er komin og hér **vinnur** margt ungt fólk. Hér er mjög stór og glæsileg síldarverksmiðja, fullkomin tækni, fullkomnar vélar og nú er nóg af peningum í Djúpavík. Þetta er ævintýri. „Síldarævintýrið“ í Djúpavík! Margir **vilja koma** hingað til að **vinna**. Hér vinnur fólk mjög mikið og **fær** góð laun. Allir **þurfa** að fá peninga til að **lifa**, ekki satt? Fólkið í Djúpavík **þakkar** fyrir að **hafa** vinnu. Hér er líka skemmtilegt að vinna og **búa**. Fólkið **býr** í tveimur húsum: hús fyrir stelpur og hús fyrir stráka. Ástin **blómstrar** líka í Djúpavík!

vera – er, ert, er

vinna – vinn, vinnur, vinnur

vilja – vil, vilt, vill

koma – kem, kemur, kemur

fá – fæ, færð, fær

þurfa – þarf, þarft, þarf

lifa – lifi, lifir, lifir

þakka – þakka, þakkar, þakkar

hafa – hef, hefur, hefur

búa – bý, býrð, býr

blómstra – blómstra, blómstrar, blómstrar



# Síldarævintýrið í Djúpavík er búið

Síldin er farin frá Djúpavík. Hér eru engin skip lengur. Ekkert fólk. Verksmiðjan er tóm. Öll hús **standa** tóm. „Við **fáum** ekki fiska í dag – og ekki á morgun. Hér eru engir fiskar. Síldin er farin,“ **segir** forstjórinn í Síldarverksmiðjunni í Djúpavík.

Nú er allt breytt. Áður var Djúpavík full af lífi: fullt af skipum, fullt af konum og körlum, allir glaðir og bjartsýnir. Svo **breytist** allt. Síldin **fer**. Já, svona er náttúran. Hún **stjórnar** öllu. Fólkið stjórnar ekki náttúrunni.

Gleðin í Djúpavík breytist í sorg. Bjartsýnin breytist í svartsýni. „Hvernig **verður** framtíðin?“ **spyr** forstjórinn. „Fólkið er atvinnulaust. **Fær** það nýja vinnu? Allir verða að fá vinnu, mat og húsnæði, það **vitum** við. Fólkið mitt **bíður** eftir nýju ævintýri,“ segir forstjórinn að lokum.

standa – stend, stendur, stendur

fá – fæ, færð, fær

segja – segi, segir, segir

breyta – breyti, breytir, breytir

fara – fer, ferð, fer

stjórna – stjórna, stjórnar, stjórnar

verða – verð, verður, verður

spyrja – spyr, spyrð, spyr

vita – veit, veist, veit

bíða – bíð, bíður, bíður





# Andstæður

dauði - .....

gamall - .....

ríkur - .....

fullur - .....

sorg - .....

fortíð - .....

hafa atvinnu – vera .....

## Slabá slovesa, -a

borða: Hann ..... brauð.

þakka: Þið ..... fyrir matinn.

baka: Við ..... pönnukökur.

hita: Þú ..... kaffi.

skrifa: Þið ..... mörg bréf.

skoða: Við ..... myndina.

tapa: Hann ..... alltaf.

hjálpa: Þú ..... mér oft.

sofna: Þið ..... oftast fyrir miðnætti.

lána: Hann ..... mér stundum bílinn sinn.

safna: Við ..... frímerkjum.

kosta: Hvað ..... jakkinn?

borga: Þið ..... þetta á morgun.

## Slabá slovesa, -i

segja: ..... þú satt?

vaka: Barnið ..... ennþá.

horfa: ..... þú oft á sjónvarpið?

keyra: Mamma ..... oftast bílinn.

hringja: Ég ..... í Jón á hverjum degi.

rigna: Það ..... mikið.

þekkja: Ég ..... bróður hans.

nenna: Ég ..... ekki í bíó í kvöld.

senda: Hún ..... okkur stundum bréf.


hitta: ..... þú stundum Ólaf?

gleyma: Ég ..... sjaldan nöfnum.

hætta: Ég ..... þessu núna.

lifa: ..... afi þinn ennþá?





# Djúpavík í dag

Saga Djúpavíkur er ævintýraleg. Einu sinni var hér mikil vinna og mikið líf. Fólkið vann í verksmiðjunni. Svo fór síldin og þá fór fólkið. En nú er aftur komið fólk til Djúpavíkur.

Djúpavík er nú lifandi staður. Ferðamenn koma á staðinn allt sumarið, íslenskir og útlendir ferðamenn í sumarfríi. Þetta er mjög vinsæll staður. Djúpavík er mikil náttúruparadís.

Verksmiðjan er enn í Djúpavík. Hún segir sögu gamla tímans. Í gamla daga voru allar konur saman í einu húsi. Nú er búið að breyta húsinu í hótél. Hótelið heitir Hótél Djúpavík.

# Hótel Djúpavík

PETER Ha? **Býr** fólk hérna?

STARFSMAÐUR **Komið** þið sæl. Velkomin til Djúpavíkur!

PETER Takk. Þetta er óskaplega fallegur staður.

STARFSMAÐUR Já, hér er yndislegt að vera.

SUSAN Já, en er hægt að **sofa** hérna?

STARFSMAÐUR Já já, þú **sefur** á hótelinu okkar ef þú vilt.

PETER En **getum** við fengið mat á hótelinu?

STARFSMAÐUR Já, auðvitað. Og við erum með mjög góðan kokk hérna. Við **bjóðum** upp á morgunmat, hádegismat og kvöldmat.



búa – bý, býrð, býr

koma – kem, kemur, kemur

sofa – sef, sefur, sefur

geta – get – getur - getur

bjóða – býð - býður

SUSAN Og hvað **verður** í matinn í kvöld? Við erum rosalega svöng!

STARFSMAÐUR Það verður mjög góður matur í kvöld: Saltfiskur með tómötum, ólífum og grænmeti.

SUSAN Mmm. Saltfiskur er uppáhaldsmaturinn minn.

STARFSMAÐUR Fínt. Og í eftirrétt **fáið** þið frægu súkkulaðikökuna okkar með jarðarberjum og rjóma.

SUSAN Frábært! Við **sofum** þá örugglega mjög vel eftir matinn.

verða – verð, verður, verður

fá – fæ, færð, fær

sofa – sef, sefur, sefur

# Djúpavík

- oficiální web: <http://djupavik.is>

- Sigur Rós v Djúpavíku (Heima):

<https://www.youtube.com/watch?v=E2imACnfXN0>

- Claus Sterneck (Djúpavický fanatik):

<http://www.claus-in-iceland.com>

- článek na webu KIF:

[http://www.islandklub.com/article\\_271](http://www.islandklub.com/article_271)